

Til: Skipulagsnefndar Garðabæjar

Ósk um breytingu á deiliskipulagi í miðbæ Garðabæjar, svæði II (Garðatorg).

18.05.2015

Óskað er eftir að breyta nýtingu á lóð D og leyfa íbúðir á eftir hæðum ásamt skrifstofustarfsemi. Ekki er óskað eftir breytingum á stærðum eða umfangi byggingareits.

Deiliskipulagsskilmálar fyrir lóð D - fyrir breytingu:

Efra svæði - svæði II (við Garðatorg)

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir tveimur fjölbýlishúsalóðum, B og E sem tengdar eru saman með lóð C, fyrir bæjartorg og bílastæðakjallara. Einnig er gert ráð fyrir lóð D undir verslun og þjónustu. Lóð G, sem er við Hrísmóa, er almenn aðkomu- og bílastæðalóð fyrir miðbæinn. Á Lóð H er yfirbyggð göngugata á milli Garðatorgs 3 og 5 og austan Garðatorgs 5 er gert ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustuhúsnæði.

Deiliskipulagsskilmálar fyrir lóð D - eftir breytingu:

Efra svæði - svæði II (við Garðatorg)

*Skipulagstillagan gerir ráð fyrir tveimur fjölbýlishúsalóðum, B og E sem tengdar eru saman með lóð C, fyrir bæjartorg og bílastæðakjallara. Einnig er gert ráð fyrir lóð D undir **íbúðir**, verslun og þjónustu. Gera skal ráð fyrir bílakjallara innan byggingareits skv. skipulagi þannig að það verði a.m.k. 0,5 stæði pr. íbúð í kjallara. Kvöð verður þá sett á bílakjallarann, Garðatorg 7b um aðgengi og rými fyrir innakstur inn í kjallara Garðatorgs 6.*

Lóð G, sem er við Hrísmóa, er almenn aðkomu- og bílastæðalóð fyrir miðbæinn. Á Lóð H er yfirbyggð göngugata á milli Garðatorgs 3 og 5 og austan Garðatorgs 5 er gert ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustuhúsnæði.

Deiliskipulagsskilmálar fyrir lóð D - fyrir breytingu:

Lóð D:Á 1. hæð er gert ráð fyrir verslun og þjónustu en skrifstofustarfsemi á efri hæðum eða opinberi stofnun. Leyfilegt heildarbyggingarmagn er að hámarki 2.500 m², þar af um 1.050 m² í kjallara.

Deiliskipulagsskilmálar fyrir lóð D - eftir breytingu:

*Lóð D:Á 1. hæð er gert ráð fyrir verslun og þjónustu en á efri hæðum **íbúðum, skrifstofustarfsemi eða opinberi stofnun**. Leyfilegt heildarbyggingarmagn er að hámarki 2.500 m², þar af um 1.050 m² í kjallara.*